

# Málþing til heiðurs Gísla H. Sigurðssyni

## Martin Ingi Sigurðsson

Í tilefni starfsloka Gísla H. Sigurðssonar, prófessors í svæfinga- og gjörgæslulækningum við Háskóla Íslands og Landspítala, var haldið málþing honum til heiðurs föstudaginn 15. nóvember síðastliðinn.

Gísli H. Sigurðsson var ráðinn fyrsti prófessor í svæfinga- og gjörgæslulækningum við Háskóla Íslands og forstöðulæknir við Landspítala árið 2000 eftir að hafa gegnt stöðu prófessors við Háskólann í Bern fyrir þann tíma. Auk rannsóknarstarfa hefur Gísli verið mjög virkur í kennslu læknanema, þróun sérnámskennslu á Íslandi og skandinavísku samstarfi á sviði kennslu og vísinda. Gísli varð sjötugur í janúar síðastliðnum og lauk þá störfum sem prófessor.



Frá vinstri: Engilbert Sigurðsson, Sven Erik Gisvold, Sigurbergur Kárason, Martin Ingi Sigurðsson, Gísli Heimir Sigurðsson, Alma Dagbjört Möller og Sigríður Kalman. Mynd Tómas Guðbjartsson

Á málþinginu hélt Martin Ingi Sigurðsson, arftaki Gísla, tölu um ævi og störf hans. Sigríður Kalman, prófessor við Karólínska háskólasjúkrahúsið, fjallaði um skandinavískt samstarf á sviði svæfinga- og gjörgæslulækninga undir merkjum SSAI. Þá fjallaði Sven Erik Gisvold, prófessor við háskólann í Þrándheimi, um tíma sinn sem ritstjóri skandinavíska

tímaritsins í svæfinga- og gjörgæslulækningum auk þess sem hann fór yfir hugleiðingar sínar um hættuna við það þegar yfirvöld leggja ofuráherslu á kostnað og framleiðni heilbrigðiskerfisins. Í ráðstefnuklok flutti Alma Möller landlæknir Gísla svo kveðju frá samstarfsmönnum við Landspítalann.

## Óska skýringa á launalækkunum yfirlækna og sérfræðinga

### Rífliga 60 manns mættu á yfirlitsfund Læknafélags um málið

Á félagsfundum Læknafélags Íslands þann 26. nóvember var farið yfir launalækkunir á Landspítala. Ólga er í læknum þar sem yfirmenn og sérfræðingar hafa verið kallaðir á fund yfirmanns og þeim tilkynnt um breytingar á umsömdum ráðningakjörum; að umsömdum föstum yfirvinnutímum hafi verið sagt upp.

Í bréfi Reynis Arngrímssonar, formanns félagsins, til Páls Matthíassonar, forstjóra spítalans, er óskað skýringa. Beðið er um upplýsingar um umfang launalækananna, sem sagðar eru félagsmönnum að stafi af rekstrarvanda spítalans. Þá er óskað eftir því að fá að vita hvers vegna ekki var leitað til samstarfsnefndar um kjör lækna vegna þess hve umfangsmiklar breytingarnar á kjörnum



Fjöldi félagsmanna Læknafélags Íslands mættu á fund þess til að fara yfir ákvörðun Landspítala að greiða færri yfirvinnutíma eða enga til yfirlækna og sérfræðinga. Mynd/Védis

séu. „Gerir félagið alvarlegar athugasemdir við að svo var ekki gert,“ segir í bréfinu.

Læknafélagið óskar einnig eftir því að fá að vita hvort og þá til hvaða annarra hópa en lækna uppsögn yfirvinnustunda nær til. Félagið vill vita hve umfangs-

miklar aðgerðinar séu, sundurliðað eftir starfsstéttum. Þá vill félagið vita hve mikið sparast á ársgrundvelli og fá svör sem fyrst enda eigi nákvæmar upplýsingar um þetta efni að vera til hjá stofnuninni.